IÐNLÁNASJÓÐUR
ÁRMÚLA 13A 155 REYKJAVÍK SÍMI 680400
TELEX 3084 ILFUND TELEFAX 680950

Alþingi
Erindi nr. þ 116 /560
komudagur 11 /12 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.
Hr. formaður Vilhjálmur Egilsson
Þórshamri
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 1992


Eins og fram kom á fundi fulltrúa Iðnlánasjóðs með Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis 9. desember s.l. þá hafa útlán Iðnlánasjóðs vaxið á undanförnum árum. Á þessu ári eru horfur á að útborguð lán verði um 1,9 milljarðar króna og er það 18% aukning frá fyrra ári. Aukning milli áranna 1990 og 1991 var 76%. Þessa auknu eftirspurn eftir lánum hjá sjóðnum má annars vegar rekja til þess að sjóðurinn hefur getað boðið lán til langs tíma á hagstæðum kjörum og hins vegar að sjóðurinn hefur í auknum mæli boðið upp á nýja lánaflokka svo sem til umhverfismála, mengunarvarna og nú síðast til gæðaátaks fyrirtækja.

Í frumvarpi til lánsfjárlaga er gert ráð fyrir því að heimildir Iðnlánasjóðs til lántöku verði 2,3 milljarðar króna en það jafngildir því að sjóðurinn getur á næsta ári greitt út lán að upphæð 1,9 milljarðar króna en það er sama upphæð og greidd verður út á þessu ári eins og að framan greinir.

Á grundvelli mats forráðamanna sjóðsins er ekkert sem bendir til annars en áframhaldandi aukning verði á eftirspurn eftir lánum hjá sjóðnum á næsta ári. Ljóst er því að verði heimildir sjóðsins til lántöku ekki hærri en í frumvarpinu mun sjóðurinn ekki geta mætt þessari auknu eftirspurn og verður að vísa frá lántakendum, sem fullnægja kröfum sjóðsins. Það eru því tilmæli Iðnlánasjóðs að heimildir sjóðsins til lántöku á næsta ári verði hækkaðar í 2,8 milljarða króna og verði aukningin öll í erlendum lántökum.

Það skal tekið fram að ekki er ástæða til þess að ætla að þessar auknu heimildir verði til þess að auka erlendar skuldir þjóðarbúsins í heild því geti Iðnlánasjóður ekki veitt lánshæfum umsækjendum lán munu þeir leita til annarra lánastofnana sem ekki eru háðar takmörkunum lánsfjárlaga um erlendar lántökur.

Með vinsemd og virðingu
f.h. IÐNLÁNASJÓÐS



Geir A. Gunnlaugsson
formaður

Afrit sent iðnaðar- og viðskiptaráðherra
Jóni Sigurðssyni